



Speglun þvagblöðru og brennsla á æxli

Speglunin er gerð til að brenna æxli í þvagblöðru.

Undirbúningur

- Fara þarf í sturtu áður en komið er á spítalann.
- Karlmenn þurfa að þvo vandlega undir forhúð.
- Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna.

Speglun

Mæting er á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Þvagrásaropið er þvegið og deytt með kremi. Farið er með speglunartæki upp þvagrás og inn í þvagblöðru. Speglunin tekur um 30 mínútur.

Eftir speglun

- Nauðsynlegt er að drekka 1,5-2 lítra af vökva þann dag sem speglunin fer fram.
- Búast má við að vægur sviði fylgi fyrstu þvaglátum eftir speglunina. Hægt er að kaupa verkjalyf án lyfseðils í apóteki, sem taka má samkvæmt fylgiseðli lyfs.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða leita á bráðamóttöku ef:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Þvaglát ganga illa
- Verkir eða svið sem minnka ekki við verkjalyf
- Þvag er mjög blóðlitað

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan dagvinnutíma er leitað á bráðamóttöku í Fossvogi ef vandamál koma upp.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
JÚNÍ 2021
LSH-2193

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR
ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR
11A

HÖNNUN:
SAMSKIPTAEILD